

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEDHÖNDLUN ÚRGANGS BAKKAFIRÐI

Dagsetning	24.5.2011	Fulltrúi UST	Sigrún Guðmundsdóttir
Rekstraraðili	Langanesbyggð	Starfsleyfi, gildir til	5.9.2012
Heimilisfang	Fjarðarvegi 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	42369-1749	Fulltrúar rekstraraðila	Indriði Þóroddsson
Isat nr.	38.21.0	Staðsetning starfstöðvar.(hnit)	
Starfsemi	Urðun úrgangs		

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Framkvæmd urðunar var ábótavant og 4 frávik staðfest. Frávikin varða skort á mengunarmælingum, urðun á óflokkuðum úrgangi m.a endurvinnsluefni, og aðgengi að urðunarstað er óhindrað. Við eftirlit kom einnig í ljós að úrgangur í urðunargryfju var óbirgður. Þar sem komið var fram yfir dagvinnutíma þegar eftirlit fór fram telur Umhverfisstofnun að rekstraraðili hafi brotið starfsleyfi sitt þar sem úrgangur í urðunargryfju hafi ekki verið birgður samdægurs.

UMFANG EFTIRLITS

Ákvæði starfsleyfis er varða urðunarsvæði, framkvæmd urðunar og mengunarvarnir sem og samsvarandi ákvæði í reglugerð 738/2003 um urðun úrgangs. Farið var í vettvangsskoðun á urðunarstað ofan við þorpið á Bakkafirði.



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Niðurstöður mælinga hafa ekki borist, þótt Umhverfisstofnun hafi farið fram á þær síðustu ár.

Frávik frá: Samkvæmt ákv.4.2 í starfsleyfi ber rekstraraðila að mæla fyrir ákveðnum mengunarefnum árlega í samráði við umhverfismálayfirvöld.

Frávik 2

Aðgengi er óhindrað að urðunarsvæði.

Frávik frá: Samkvæmt ákv.3.1 og 3.2 í starfsleyfi skal svæðið afgirt og aðgengi óviðkomandi hindrað.

Frávik 3

Nokkuð var af óflokkuðum úrgangi m.a. endurvinnsluefni í urðunargryfju og nokkuð ósnyrtilegt í kring. Samkvæmt ákv.starfsleyfis nr. 2.1 skal rekstraraðili tryggja að úrgangsefni fari í viðeigandi endurnýtingarfarveg ef kostur er, en tekið hefur verið upp 3ja tunnu kerfi á Bakkafirði.

Frávik 4

Þó hefðbundnum dagvinnutíma væri lokið við skoðun,hafði úrgangur ekki verið birgður.

Frávik frá: Samkvæmt ákv. starfsleyfis nr. 3.8 skal úrgangur birgður samdægurs.

Önnur atriði:

Indriði Þóroddsson tilkynnti við eftirlit að hann hefði ekki lengur umsjón með urðun á svæðinu. Umhverfisstofnun fer vinsamlega fram á að breytingar er varða tengiliði stofnunarinnar verði hérefitir tilkynntar við fyrsta hentugleika, sjá einnig ákv. 3.4 í starfsleyfi.

Reykjavík, 19.8.2011

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.